

Sp.

## 88. Tillaga til þingsályktunar

[81. mál]

um bættu aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að komið verði á fót mótuneytum og heimavistum á vegum hins opinbera, sem ætlaðar verði þeim nemendum af landsbyggðinni, sem sækja verða þá sérskóla í Reykjavík, er ekki starfa annars staðar á landinu. Í þessu sambandi verði m. a. kannað, hvort ekki komi til greina að semja við starfandi hótél um slíkan rekstur.

### Greinargerð.

Kunnugt er, að fjölmargir sérskólar starfa í höfuðborginni, sem eru ekki til annars staðar á landinu. Vaxandi fjöldi nemenda frá landsbyggðinni sækir þessa skóla og raunar ýmsa aðra, sem nemendur telja af ýmsum ástæðum hagkvæmara að sækja í Reykjavík, þótt völ sé á hliðstæðri menntun annars staðar á landinu. Ástæðan fyrir þessum vaxandi fjölda skólafólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðinu er sú, að árgangar þess fólks, sem sækir framhaldsskóla, fara stækkandi og einnig eykst hlutfall þeirra nemenda í hverjum árgangi, einkum á landsbyggðinni, sem vilja og geta sótt framhaldsnám.

Vegna framangreindrar fjölgunar nemenda af landsbyggðinni, sem sækja skólánám í Reykjavík, og almenns ástands húsnæðismála á höfuðborgarsvæðinu háir nú húsnæðisskortur mjög þessu námsfólki, auk þess sem verðlag leiguhúsnæðis hefur farið mjög hækkandi undanfarið og þrengir þannig kost þessa námsfólks. Hliðstæða sögu er að segja um fæðis kaup á almennum markaði. Flm. þessarar tillögu álíta, að ástandið í þessum efnunum sé nú orðið slíkt af framangreindum ástæðum, að brýn nauðsyn sé að gera ráðstafanir til úrbóta. Í því sambandi telja þeir einkum koma til greina, að hið opinbera semji við hótél um rekstur mótuneyta og heimavista, einkum fyrir þá sérskóla, sem ekki er völ á að sækja á öðrum stöðum en í Reykjavík.

Flm. minna á, að á árunum 1970 og 1971 voru teknar upp fjárveitingar í fjárlög til jöfnunar námsaðstöðu, og á síðasta þingi voru samþykkt lög um þetta efni. Í þeim lögum er kveðið á um rétt nemenda, sem sækja verða framhaldsnám utan heimabyggðar, til námsstyrkja. Þótt hér sé um lagasetningu að ræða, sem er góðra gjalda verð, virðist einsýnt, að einnig megi ná verulegum árangri í því að jafna aðstöðumun nemenda í landinu til framhaldsnáms á þann hátt, að hið opinbera noti hluta þess fjármagns, sem hverju sinni er varið til jöfnunar námsaðstöðu, til þess að greiða fyrir rekstri mótuneyta og heimavista við þá sérskóla, sem einungis eru starfræktir í Reykjavík. Sé þetta gert með samningum við hótél og hluti kostnaðarins á hvern nemanda greiddur beint úr ríkissjóði, virðist unnt að nýta betur fjárfestingu hótélanna yfir veturinn og jafnframt lækka húsaleigu og fæðiskostnað umræddra nemenda verulega. Á það má einnig benda, að umræddar aðgerðir mundu létt á þeim þrýstingi, sem nú er á almennum húsaleigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Hér virðist því vera um mál að ræða, sem er vert allrar athygli fyrir margra hluta sakir.

Það skal að lokum tekið fram, að flm. líta svo á, að það eigi að vera höfuðstefna í skólamálu strjálbýlisins, að nemendur eigi þess kost að sækja sem flesta framhalds- og sérskóla í næsta nágrenni sinnar heimabyggðar. Á hinn bóginn verður að horfast í augu við, að lengst af mun það verða svo, að nemendur af landsbyggðinni verða að sækja ýmsa sérskóla í Reykjavík. Til þess að freista þess að fá aðstöðu þeirra bættu er þessi tillaga flutt.